



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 o.fl. (skattlagning orkumannvirkja). IRN24060048
Ráðuneyti	Innviðaráðuneytið/skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	14. maí 2025

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**

Fyrirhuguð lagasetning mun ekki hafa fjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð. Frumvarpið felur í sér auknar tekjur sveitarfélaga af fasteignaskatti mun sem mun renna beint til sveitarfélaga og að einhverju leyti í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Auknar tekjur sveitarfélaga að þessu leyti kunna einnig að hafa áhrif á dreifingu á framlögum Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga.

2. **Tekjubreytingar**

Sjá lið 1.

3. **Útgjaldabreytingar**

Sjá lið 1.

4. **Eignabreytingar**

Engar.

5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**

Mögulega hefur frumvarpið áhrif á afkomu orkufyrirtækja.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

Ekki er gert ráð fyrir að fjárhagsleg áhrif verði af frumvarpinu en það mun koma betur í ljós þegar undirbúningur og vinnsla frumvarpsins er komin lengra áleiðis.

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**

Sjá lið 1..

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**

Ný tekjuöflun fyrir sveitarfélög

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**

Fasteignamat rafveitna mun hækka úr 82. ma. kr. í 1.358 ma. kr. sem mun fela í sér hækkun á fasteignaskatti rafveitna. Hækkun skatta á orkuframleiðslu kann að hafa í för með sér hærri orkukostnað almennings og fyrirtækja.

2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**

Áformin munu fyrst og fremst hafa áhrif á orkufyrirtæki.

3. Samkeppnisráðgjafi

Verið er að fella niður undanþágu í lögum sem orkuframleiðendur hafa notið umfram önnur fyrirtæki á samkeppnismarkaði.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011

Tekjur sveitarfélaga munu aukast vegna hins nýja gjaldflokks fasteignaskatts og hærri framlaga úr Jöfnunarsjóð.

Á árunum 2018 til 2021 greiddu orkufyrirtæki að jafnaði um 7,5 ma.kr. í fasteignaskatt og tekjuskatt. Ríkissjóður fékk tæp 80% og sveitarfélög um 20% eða 1,5 ma.kr árlega. Í þeim sviðsmýndum sem unnar hafa verið er gert ráð fyrir að skatttekjur sveitarfélaga yrðu 3 ma.kr. eða 5 ma.kr., eða 2-3,5 sinnum meira en meðaltal áruna 2018-2021.

Að því leyti sem auknar tekjur „orku“ sveitarfélaga leiða til lækkunar á framlögum frá Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, aukast greiðslur til annarra sveitarfélaga. Í ljósi þess að tekjuhá sveitarfélög á hvern íbúa, sem ekki fá neinar greiðslur úr Jöfnunarsjóði, myndu að óbreyttum reglum halda öllum nýjum tekjum sínum vegna aukinna skatttekna af orkuvinnslu, er gert ráð fyrir breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs. Í slíkum takmarkatilvikum er gert ráð fyrir að sveitarfélög sem þannig er státt fyrir greiði til Jöfnunarsjóðs ákveðið hlutfall af nýjum tekjum sínum og aukast framlög Jöfnunarsjóðs einnig með þeim hætti til annarra sveitarfélaga.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)

Ekki áhrif.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000

Ekki áhrif.

4. Áhrif á byggðalög

Farið verður í nánari greiningu á áhrifum á byggðalög þegar frumvarpið liggur fyrir.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök

Ekki áhrif.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna

Ekki hefur verið gerð greining á kynjahlutfalli þeirra sveitarfélaga þar sem tekjur aukast mest vegna áformanna. Skoða þarf áhrif á kyn í samhengi við áhrif á ólíka þjóðfélagshópa. Farið verður í nánari greiningu á jafnrétti kynjanna við undirbúning og gerð frumvarpsins.

7. Áhrif á lýðheilsu

Ekki áhrif.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Ekki áhrif.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

Ekki áhrif.

10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Aukin verkefni fyrir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, sem annast fasteignaskrá, en stofnunin þyrfti að gera breytingar á fasteignamati orkumannvirkja. Aukin verkefni fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þar sem sjóðurinn þyrfti að innheimta ákveðið hlutfall af nýjum fasteignaskatti af sveitarfélögum sem ekki fá úthlutað úr Jöfnunarsjóð. Þá er gert ráð fyrir að kostnaði við innheimtu. Gerð verður nánari greining á auknum verkefnum stjórnsýsluáðila þegar frumvarpið liggur fyrir.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Farið verður í nánari greiningu á áhrifum á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa við undirbúning og gerð frumvarpsins. Leiði breytingin til hækkunar á gjaldskrár orkufyrirtækja mun hún líklega hafa mismunandi áhrif á þjóðfélagshópa.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Ekki áhrif.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**
2. Ekki er gert ráð fyrir að fjárhagsleg áhrif verði af frumvarpinu á ríkissjóð nema að óverulegu leyti.
3. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á**
Áformin fela í sér auknar tekjur fyrir sveitarfélög, bæði fyrir sveitarfélög sem hafa orkumannvirki innan staðarmarka sinna og önnur sveitarfélög í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Frumvarpið hefur áhrif á dreifingu framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga. Frumvarpið mun hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir orkufyrirtæki sem mögulega mun hafa áhrif á afkomu þeirra eða leiða til hækkunar gjalda á notendur.
4. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).** Með áformunum er verið að tryggja nærsamfélagi sem fyrst sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinningi vegna raforkuframleiðslu og stuðla að aukinni sjálfbærni sveitarfélaga

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**
2. **Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
3. **Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**